

### **34. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands, haldinn þann 24. október, kl. 16:15, á skrifstofu FSÍ í Laugardal.**

**Mættir eru:** Þorgerður Diðriksdóttir, formaður, Birna Björnsdóttir, varaformaður, Ragnheiður Thorlacius, ritari. Einnig er mætt Hrund Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri.

Þóra Sigurðardóttir, gjaldkeri og Sólveig Jónsdóttir almannatengslafulltrúi boða forföll.

Kl. 16.55 mætir Gunnar Sigurðsson á fundinn. Hann víkur af fundi kl. 18.15.

Formaður setti fundinn.

Á dagskrá eru eftirfarandi mál:

#### **1. Fundargerðir.**

Fundargerð 33. fundar frá 15. október sl., er samþykkt.

#### **2. Formanna- og framkvæmdaráðsfundir.**

Þann 15. október sl. var formannafundur FSÍ haldinn í félagastöðu Fjölnis í Egilshöll og þann 19. október sl., var framkvæmdaráðsfundur haldinn í fundaraðstöðu ÍSÍ í Laugardal. Fyrir stjórnarfundi liggja fundargerðir frá fundunum. Nær undantekningarlaust lýstu fundarmenn á formannafundinum yfir ánægju með frumvarpsdrögin og þær breyting sem stjórn leggur til að gerðar verði á núverandi lögum FSÍ. Mikil gagnrýni á frumvarpsdrögin kom hins vegar fram á framkvæmdaráðsfundinum, sérstaklega frá formanni tækninefndar karla, formanni fræðslunefndar og fulltrúa tækninefndar í áhaldafimleikum kvenna. Gagnrýnin beindist fyrst og fremst að tillögu um sameiningu tækninefnda karla og kvenna í áhaldafimleikum, að ekki sé gert ráð fyrir að kosið verði í nefndir á fimleikaþingi, að formenn nefnda komi úr röðum stjórnarmanna og að menntun dómara verði færð undir fræðslunefnd.

Þorgerði og Ragnheiði falið fara yfir athugasemdir og breytingatillögur sem fram komu á fundunum og kynna þá vinnu á næsta fundi. Í framhaldi af því verði frumvarpið sent til umsagnar laga- og reglunefndar.

#### **3. Fundarboð**

Formanni FSÍ hefur verið boðið á fund með forseta FIG og sambandi norræna fimleikasambanda sem haldinn verður í Ósló þann 4. febrúar 2012. Ákveðið að formaður FSÍ sæki fundinn.

#### **4. Fjárhagsáætlunargerð 2012-2014.**

Upplýsingar hafa borist frá tækninefnd í hópfinleikum vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar 2012 og þakkar stjórn nefndinni fyrir vinnuna og felur framkvæmdastjóra að ítreka skil frá öðrum nefndum.

#### **5. Afreksstefna ÍSÍ – skilgreining afreka og aðstaða fyrir afreksíþróttir.**

Málið var áður á dagskrá stjórnar á fundi þann 5. september sl., og þá var Davíð Ingasyni, verkefnisstjóra, Birnu Björnsdóttur, varaformanni og Sólveigu Jónsdóttur, almannatengslafulltrúa, falið að svara erindinu f.h. FSÍ. Greinargerð þeirra er lögð fram og samþykkt og framkvæmdastjóra falið að senda ÍSÍ greinargerðina.

#### **6. Mótahald 22. október sl.**

Stjórn FSÍ þakkar fimleikafélaginu Björk sem og öllum þeim sem komu að skipulagningu, undirbúningi og framkvæmd haustmóts í frjálsum æfingum í 1. og 2. þrepi í áhaldafimleikum.

#### **7. Norður Evrópumótið í áhaldafimleikum**

Tækninefnd kvenna í áhaldafimleikum tilnefndir eftirtalda keppendur á mótið:

Agnes Suto, Thelma Rut Hermannsdóttir, Domicua Alma Belany, Hildur Ólafsdóttir og Freyja Húnfjörð. Varamenn Sigríður Hrönn Bergþórsdóttir, Tinna Ólafsdóttir

Stjórn samþykkir tilnefninguna.

Dómarar verða Anton Heiðar Þórólfsson, Andri Vilberg Orrason, Hlín Bjarnadóttir og Harpa Óskarsdóttir og fararstjóri verður Þorgerður Laufey Diðriksdóttir.

Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram sky. verkferlum.

#### **8. Trúnaðarmál**

Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra afgreiðslu málsins.

#### **9. Til kynningar.**

- a. Reglur FIG um Wild card á Ólympíuleikunum í London.
- b. Bréf UEG um medical commission.
- c. Fundargerð nefndar um fimleika fyrir alla frá 20. september sl.
- d. Tilkynning um að formannafundur ÍSÍ verður haldinn 11. nóvember nk.

- e. Framkvæmdastjóri hefur sent félögum kröfur móta sem borist hafa frá tækninefndum karla og kvenna í áhaldafimleikum.
- f. Lögð er fram skýrsla fararstjóra um heimsmeistaramótið í Japan.
- g. Skýrsla Birnu Björnsdóttur um upplýsingafund vegna Golden age 2012.

Næsti fundur verður haldinn mánudaginn 7. nóvember nk.

Fundi slitið kl. 18:50

Ragnheiður Thorlacius,  
ritar fundargerð.